

Mál nr. 3
Fram
gegn
Fylki

Kæra Fram
Dómkröfur

Knattspyrnudeild Fram fer fram á úrslit leiks í 4.flokk KRR sem fram fór á Fylkissvelli þann 11.maí síðastliðin og dæmist Fram 3-0 sigur.

Málavextir

Fylkir tefldi fram leikmanni, Benedikt Andra Ágústssyni, sem er skráður leikmaður í Fram og hefur þar með ekki leikheimild með Fylki.

Röksemdir

Ekki hefur verið gengið frá félagaskiptum Benedikts Andra úr Fram í Fylki.

Röksemdir

Vísað er í reglugerð KSÍ um félagaskipti og leikheimildir

Sönnunargögn:

Leikskýrsla frá 11.maí 2006(sjá vef KSÍ/úrslit leikja)

Vitni:

Gunnar Orrason

F.h. Knattspyrnudeidar Fram
Guðbjartur Ellert Jónsson

Greinargerð Fylkis

Dómkröfur

Knattspyrnudeild Fylkis fer fram á að úrslit í leik Fylkis og Fram í 4.flokki karla A-lið sem fram fór í Reykjavíkurmóti 11.maí 2006 skulu standa.

Málavextir

Benedikt Andri Ágústsson flutti í Fylkishverfið á síðasta ári og hóf æfingar og keppni með 4.flokki Fylkis haustið 2005. Samkvæmt þeim reglum sem þá voru í gildi átti hann sjálfkrafa að gerast löglegur með Fylki í fyrsta leik 2006. Samkvæmt því var hann löglegur í umræddum leik.

Röksemdir

Samkvæmt reglugerð KSÍ árið 2005 grein A2 er þess getið að leikmaður í 4.flokki er löglegur með því liði sem hann leikur fyrst með á almanaksári. Ákvæði þetta var síðan fellt úr gildi á ársþingi KSÍ í febrúar 2006, sex mánuðum eftir að viðkomandi leikmaður hóf æfingar með Fylki. Þar kemur einnig fram sem skýring við þessa breytingu að gert sé ráð fyrir að skráning leikmanna í gagnagrunn KSÍ verði komin í rétt horf snemma á árinu 2006. Engin nánari dagsetning er sett þarna fram og þarna er gert ráð fyrir að félögin fái frest til að aðlagast svo viðamikilli breytingu sem þessi breyting er. Enda má gera ráð fyrir að margir leikmenn í þessum aldursflokki séu skráðir í önnur félög en þau sem þeir eru að æfa og keppa með. Umræddur leikmaður spilaði með Fylki á móti Þrótti í Reykjavíkurmótinu 25.mars 2006.

Einnig má geta þess að umrædd breyting er mjög illa kynnt og því til stuðnings sendi KSÍ út tilkynningu eftir að umrædd kæra barst að félögin þyrftu að skoða það hvort einhverjir leikmenn séu skráðir í önnur félög. Gagnlegt væri að vita hversu mörg félagaskipti hefðu borist KSÍ eftir breytinguna fram að upphafi Reykjavíkurmóts í 4.flokki. Samkvæmt lögum KSÍ 19.grein 3. tl þarf að kynna breytingar á reglugerðum með dreifibréfi. Birting eingöngu á netinu virðist ekki vera samþykkt. Það er okkar mat að ekki er hægt að fella svona mikilvægt ákvæði úr gildi nema haft sé samband við félögin um að kanna þessi mál.

Einnig ber þess að geta að ekki koma fram allar þær upplýsingar í kæru knattspyrnudeildar Fram sem samkv. lögum um dómstóla KSÍ 6.grein þurfa að koma fram. Má þar nefna Nafn kærða, kennitölu, netfang og faxnr.

Sönnunargögn

Ljósrit af leikskýrslu Þróttar og Fylkis 25. mars 2006.
Ljósrit af 19.grein laga knattspyrnusambands Íslands

Vitni

Nafn: Kári Jónasson

Kennitala: 280879-3639

Heimilisfang: Kirkjusandi 1

Nafn: Anna Pálsdóttir

Kennitala: 180570-4119

Heimilisfang: Viðarás 25

Reykjavík 22.maí 2006

19. grein.

1 Stjórn KSÍ setur nauðsynlegar reglugerðir um þau málefni, sem knattspyrnuþing hefur ekki látið til sín taka með setningu reglugerða, þ. m. t. reglugerðir um fyrirkomulag móta og leikreglur í samræmi við knattspyrnulögin. Reglugerðir um fyrirkomulag móta í meistaraflokki karla og kvenna í landsmótum skulu þó settar af knattspyrnuþingi.

2 Stjórn KSÍ er jafnframt heimilt að gera breytingar á reglugerðum, sem knattspyrnuþing hefur sett. Breyting öðlast þá gildi strax og hún hefur verið kynnt aðildarfélögunum á þann hátt sem greinir í 3. tl., en skal borin undir næsta knattspyrnuþing til staðfestingar. Sé það ekki gert eða samþykki knattspyrnuþing ekki breytingu stjórnarinnar fellur hún þar með úr gildi.

3 Nýjar reglugerðir og breytingar á gildandi reglugerðum skulu kynntar aðildarfélögum með dreifibréfi.

F. h. knattspyrnudeildar Fylkis
Örn Hafsteinsson

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, þriðjudaginn 30. maí er dómþing Knattspyrnudómstóls KSÍ háð af Halldóri Halldórssyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 3/2006
Knattspyrnudeild Fram
gegn
Knattspyrnudeild Fylkis

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I

Mál þetta er móttekið af skrifstofu KSÍ 16. þessa mánaðar. Kærandi er Knattspyrnudeild Fram, Safamýri 26, Reykjavík. Kærði er Knattspyrnudeild Fylkis, Fylkisvegi, Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 17. maí.

Dómkröfur kæranda.

Kærandi krefst þess að úrslit í leik aðila málsins í 4. flokki karla sem fram fór 11. maí sl. verði breytt þannig að kærandi hafi unnið leikinn 3-0. Leikurinn var í Reykjavíkurmóti.

Kærði krefst þess að úrslit ofangreinds leiks verði látin standa óbreytt.

II

Atvik máls, málsástæður og lagarök

Hinn 11. maí sl. léku aðilar málsins leik í Reykjavíkurmóti, 4. flokki karla A-liða. Leikurinn endaði með sigri kærða 1-0. Á meðal leikmanna kærða var Benedikt Andri Ágústsson en hann var á þessum tíma, í gagnagrunni KSÍ, skráður í Fram.

Í greinargerð kærða er því haldið fram að leikmaðurinn hafi á síðasta ári flutt í Fylkishverfi og þá byrjað að æfa með kærða.

Kærandi bendir á að ekki hafi verið gengið frá félagaskiptum fyrir leikmanninn og því sé hann ólöglegur með liði kærða. Vísar hann því sambandi til reglugerðar KSÍ um félagaskipti og leikheimildir.

Kærði vísar hins vegar til þess að á þeim tíma sem leikmaðurinn gekk til liðs við kærða hafi hann sjálfkrafa átt að verða löglegur með kærða í samræmi við þágildandi reglur KSÍ. Af þeim sökum hafi hann verið löglegur með kærða í umræddum leik. Vísar kærði í þessu sambandi á reglugerð KSÍ grein A2 en þar komi fram að leikmaður í 4. flokki sé löglegur með því liði sem hann leikur fyrst með á alannaksári. Þetta ákvæði hafi síðan verið fellt úr gildi á ársþingi KSÍ í febrúar 2006, sex mánuðum eftir að viðkomandi leikmaður hóf æfingar með kærða. Einnig bendir kærði á að í skýringum með ákvæðinu sé gert ráð fyrir að skráning leikmanna í gagnagrunn KSÍ verði komin í rétt horf snemma á árinu 2006. Engin nánari dagsetning hafi verið gefin en gert hafi verið ráð fyrir því að félögin hefðu tíma til að aðlagast svo viðamikilli breytingu. Telur kærði einsýnt að fjöldi leikmanna sé skráður í önnur félög en þau sem þeir æfa með. Þá tekur kærði fram að umræddur leikmaður hafi leikið með kærða á móti Þrótti í Reykjavíkurmótinu 25. mars 2006.

Þá er það mat kærða að þessi breyting hafi verið illa kynnt og því til stuðnings bendir hann á að KSÍ hafi sent út tilkynningu eftir að kæra þessa máls kom fram þar sem félögin hafi verið beðin um að skoða hvort einhverjir leikmenn hjá þeim séu skráðir í önnur félög. Kærði telur að fróðlegt væri að vita hversu margar tilkynningar um félagaskipti hafi borist eftir þetta. Kærði bendir á að samkvæmt lögum KSÍ 19. gr. 3. t. þurfu að kynna breytingar á reglugerðum með dreifibréfi. Birting eingöngu á netinu virðist ekki vera nægjanleg. Kærði heldur því fram að ekki sé unnt að fella svo mikilvægt ákvæði og það sem hér um ræðir úr gildi nema áður sé haft samband við félögin um að kanna þessi mál.

Loks bendir kærði á að í kæru komi ekki fram allar þær upplýsingar sem krafa sé gerð um samkvæmt lögum um dómstóla KSÍ og nefnir í því sambandi að nafn kærða vanti, kennitölu, netfang og faxnúmer.

III

Niðurstaða

Í upphafi er rétt að taka fram að annmarkar eru á kæru málsins. Af hálfu kærða er réttilega bent á að nokkuð skortir að upplýsingar sem fram eiga að koma í kæru sé þar að finna. Gera verður kröfu til þess að forsvarsmenn félaga eða þeim sem falið er að setja fram kærur á önnur félög telji ekki eftir sér að afla svo einfaldra upplýsinga sem hér er krafist. Kröfur um framsetningu þessara upplýsinga eiga að leiða til þess að mál fái skjótari framgang þ.a. starfsmenn skrifstofu KSÍ þurfi ekki að leita að þessu upplýsingum og síðan í framhaldi dómamar málanna ef þeir þufra að hafa samband við aðila málsins. Þá brestur einnig verulega á að tilvísanir í þau ákvæði laga og reglugerða KSÍ sem kærandi telur að kærði hafi brotið séu tilgreind í kæru. Þrátt fyrir þessa verulegu annmarka er það mat dómsins að rétt sé að kveða upp efnisdóm í málinu enda er það í raun einfalt og ágreiningsefnið afmarkað.

Fyrir liggur að samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti grein A.2 fyrir árið 2005 var leikmaður í 4. flokki löglegur með því liði sem hann lék fyrst með á árinu. Kærði hefur ekki lagt fram nein gögn þess efnis að Benedikt Andri hafi leikið með kærða á árinu 2006. Á ársþingi KSÍ í febrúar sl. var þessu ákvæði breytt og hljóðar nú svo „ Leikmaður er hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfir fyrst knattspyrnu með, svo fremi að félagið hafi látið skrá leikmanninn hjá KSÍ.“ Samkvæmt þessu er augljóst að Benedikt Andri var ekki hlutgengur með kærða í framangreindum leik. Ekkert bendir til þess að hann hafi leikið með kærða á árinu 2005 eða á árinu 2006 áður en þessi breyting tók gildi og þá liggur fyrir að hann var á þeim tíma sem leikurinn fór fram skráður í Fram. Ekki er unnt að fallast á þau rök kærða að KSÍ beri að tilkynna slíkar reglugerðarbreytingar sérstaklega enda liggur

fyrir að breytingin var samþykkt á ársþingi KSÍ. Öðru máli gegnir um breytingar sem gera má og gerðar eru utan ársþinga.

Með vísan til þess sem að framan er rakið verður ekki hjá því komist að taka kröfu kæranda til greina og dæma honum sigur í umræddum leik

Samkvæmt framanrituðu telst Fram hafa unnið leikinn 3-0 en alls ekki þykir ástæða til að dæma kærða til greiðslu sektar vegna þessa.

Halldór Halldórsson kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Fram telst hafa unnið leik gegn Fylki sem fram fór í 4. flokki karla 11. maí 2006 með markatölunni 3-0.

Halldór Halldórsson

Áfrýjun knattspyrnudeildar Fylkis

Dómkröfur:

Að úrslit leiks Fylkis og Fram í 4. flokki karla sem fram fór 11. maí sl. verði látin standa óbreytt þannig að 1-0 sigur Fylkis í leiknum standi.

Málsatvik:

Leikmaðurinn Benedikt Andri Ágústsson, kt. 040192-2049, lék með Fram sumarið 2005. Hann flutti búferlum í árbæjarhverfi haustið 2005 og hóf þá æfingar með Fylki. Hann lék með Fylki í ýmsum leikjum og mótum á árinu 2005 og 2006 sem ekki eru til leikskrár yfir eða önnur sönnunargögn en vitnisburður hans, þjálfara hans og fjölskyldu. Benedikt lék með Fylki í leikjum í Reykjavíkurmóti frá upphafi þess apríl sl. sbr. leikskýrslur fyrirbyggjandi hjá KSÍ.

Málsástæður:

Gera verður athugasemdir við meðferð formhliðar málsins af hálfu dómstóls KSÍ. Eins og fram kemur í dómi er óumdeilt að annmarkar voru á kæru málsins. Lágmarksupplýsingar sem fram eiga að koma í kæru sbr. 6. gr. I. KSÍ voru ekki til staðar. Af efni dómsins verður ráðið, að starfsmenn skrifstofu hafi leitað þeirra upplýsinga sem á vantaði.

Að mæti áfrýjanda eru engar heimildir fyrir slíkum stuðningi við málatilbúnað aðila sem eiga í ágreiningi fyrir dómstólum KSÍ. Ákvæði 6. eða 7. gr. I. um dómstól KSÍ hafa ekki að geyma slíkar heimildir. Áfrýjandi telur að dómari hafi farið út fyrir almennar reglur um málsforræði með því taka við upplýsingum frá öðrum en kæranda sjálfum. Áfrýjanda var sannanlega ekki gefin kostur á að koma að sjónarmiðum sínum á sambærilegan hátt.

Áfrýjandi telur ágreiningslaust að umræddur leikmaður hóf æfingar með Fylki haustið 2005 og hefur greitt gjöld til félagsins í samræmi við það. Samkvæmt reglugerð sem þá gilti var nægilegt að hann tæki þátt í leik með félaginu til þess að teljast löglegur.

Eins og augljóst má vera er leiktímabil í knattspyrnu aðallega yfir sumarmánuði hérlendis. Áfrýjanda er því erfitt um vik að sanna þátttöku í leikjum frá skráningu hans í Fylki fram að þingi KSÍ, einkallega þar sem allur gangur er á því að leikskýrslur séu fylltar út með nöfnum leikmanna í smærri mótum á tímabilinu, sbr. mót haust og jólamót KKR o.fl. Nægir að vísa til mótasíðu KSÍ því til stuðnings.

Ekki þykir sanngjarnt að áfrýjandi beri hallan af slíkum vinnubrögðum þegar litið er til þess að full sönnun liggur fyrir um æfingarátttöku viðkomandi frá hausti 2005.

Áfrýjandi ítrekar, að þýðing umræddrar reglugerðarbreytingar var aðildarfélögum KSÍ ekki ljós í fyrstu. Ekki verður fallist á þá túlkun dómsins að miða beri gildistöku við samþykkt á þinginu sjálfu. KSÍ getur ekki gert ráð fyrir því að þjálfarar yngri flokka sæki þingið. Verður ekki séð hvaða tilgangi ákvæði 7. gr. laga KSÍ um sendingu fundargerða til aðildarfélaga innan tveggja mánaða þjóna ef gert væri ráð fyrir því. Áfrýjandi telur eðlilegt að túlka ákvæðið þannig að hann hafi haft tveggja mánaða frest til að uppfylla skilyrði reglugerðarinnar.

Af umræðum á þinginu er einnig ljóst að félög hefðu nokkurn umþóttunartíma hvað breytinguna varðaði eins og vísað er til í fyrri greinargerð kærða. Gera verður þá kröfu, að íþyngjandi reglur séu kynntar sérstaklega. Telja verður að KSÍ hafi viðurkennt það með tilkynningu á heimsíðu sinni 23. maí s.l þar sem vakin er sérstök athygli á breytingu á reglugerð um félagaskipti. Má telja víst, að mál þetta væri ekki til umfjöllunar ef slík tilkynning hefði birst í beinu framhaldi af þinginu.

Áfrýjandi telur að kærandi hafi sett kæru í skjóli formhliðar máls eingöngu en gegn betri vitund um raunverulega félagsaðild leikmanns í þeim tilgangi einum að afla sér sigurs á Reykjavíkurmóti . Hann hefur ekki lagt fram gögn um að leikmaðurinn hafi verið löglegur með kæranda (miðað við ákvæði reglugerðar fyrir breytingu) eða greitt til hans æfingagjöld.

Breytingar á niðurstöðu mótsins á þeim grundvelli eru mjög raunaleg niðurstaða fyrir iðkendur og til þess eins fallin að skapa óvild þerra í garð hvors annars án þess að neinn þeirra eigi upphafið að slíku. Eins og hér stendur á, telur áfrýjandi það ekki brjóta í bága við inntak reglugerðar um félagaskipti að viðurkenna lögmæti leikmannsins í Fylki. Um er að ræða yngri flokk félags og engir þeir hagsmunir eru í húfi sem réttlæta aðra túlkun.

Með tilvísan til 2. tl. 12. gr. l.um dómstól KSÍ leyfir áfrýjandi sér að fara þess á leit að áfrýjunardómstóll KSÍ heimili að áfrýjandi leiði sem vitni þjálfara 4. fl. Fram og Benedikt Andra leikmann Fylkis. Beiðnin er studd þeim rökum, að leikmaður hóf æfingar með Fylki á þeim tíma árs þar sem fáir leikir eru á dagskrá og skráningum ábótavant í þeim leikjum sem fram fóru eins og áður er að vikið. Vitnisburður þessa aðila getur bætt upp vöntun á upplýsingum þar að lútandi. Þá er einnig vísað til ályktunarorða dómara um að áfrýjandi hafi ekki lagt fram gögn um þátttöku leikmanns í leikjum sínum og þeirrar staðreyndar, að dómari gaf aðeins öðrum málsaðila kost á að bæta við málalíbúnað sinn fyrir dómtöku.

f.h. Knattspyrnudeildar Fylkis
Þórir Örn Árnason
Varaformaður knattspyrnudeildar Fylkis

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2006, mánudaginn 12. júní kl. 15:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Brynjari Níelssyni.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 1/2006:
Knattspyrnudeild Fylkis
gegn
Knattspyrnudeild Fram.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur.

I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Brynjar Níelsson.

Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Halldór Halldórsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 30. maí 2006.

Þórir Örn Árnason hdl. áfrýjaði máli þessu þann 6. júní 2006 og gerir þessar kröfur fyrir hönd áfrýjanda:

Að úrslit leiks Fylkis og Fram í 4. flokki karla í Reykjavíkurmóti sem fram fór 11. maí sl. verði látin standa óbreytt þannig að 1-0 sigur Fylkis í leiknum standi.

Stefndi krefst þess í greinargerð sinni sem hann lagði fram á dómþingi 9. júní 2006 að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Á dómþingi 9. júní reifuðu talsmenn aðila sjónarmið skjólstæðinga sinna og lögðu málið í dóm.

II.

Málavextir eru óumdeildir en þeir eru þessir. Í leik A-liða 4. flokks karla Fram og Fylkis, sem fram fór á Fylkissvelli og hófst kl. 16:00 þann 11. maí sl., í Reykjavíkurmóti Knattspyrnuráðs Reykjavíkur, tefldi

áfrýjandi fram leikmanni að nafni Benedikt Andri Ágústsson, sem stefndi telur til félagsmanna sinna. Áfrýjandi vann leikinn með einu marki gegn engu.

III.

Stefndi máls þessa kærði úrslit leiksins til dómstóls KSÍ með ódagsettri kæru og krafðist þess að sér yrði dæmdur sigur í leiknum, þrjú mörk gegn engu í leiknum, þar sem ekki hefði verið gengið frá félagaskiptum Benedikts Andra frá stefnda til áfrýjanda. Vísaði stefndi til reglugerðar KSÍ um félagaskipti og leikheimildir. Stefndi lagði engin gögn fram með kærunni, nema leikskýrslu frá 11. maí 2006, sem sýnir að Benedikt Andri lék í liði áfrýjanda. Þá hafði stefndi ekki heldur fyrir því að vísa til þeirra ákvæða í reglum Knattspyrnusambands Íslands sem hann byggði kröfu sína á.

Í greinargerð áfrýjanda til dómstóls Knattspyrnusambands Íslands er á því byggt að Benedikt Andri hafi flutt í Fylkishverfið á árinu 2005 og hafið æfingar og keppni með 4. flokki Fylkis haustið 2005. Samkvæmt þeim reglum sem þá voru í gildi innan KSÍ um félagaskipti hafi Benedikt Andri því orðið sjálfkrafa löglegur með Fylki í fyrsta leik árið 2006.

III.

Í máli þessu er um það deilt hvort leikmaður í fjórða flokki, sem sagður er skráður félagsmaður stefnda en hefur æft og leikið með áfrýjanda frá haustinu 2005 eftir að hann flutti búferlum milli hverfa í Reykjavík, hafi talist hlutgengur með áfrýjanda í leik gegn stefnda þann 11. maí sl. í Reykjavíkurmótinu í knattspyrnu.

Samkvæmt 2. gr. A í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, sem birt var í handbók KSÍ 2005, voru leikmenn fjórða aldursflokks og yngri hlutgengir með því félagi sem þeir léku með í fyrsta skipti í Íslandsmóti á almannaksárinu. Á ársþingi Knattspyrnusambands Íslands í febrúar á þessu ári var 2. gr. A í reglugerð um félagaskipti leikmanna breytt þannig að leikmaður teldist hlutgengur til keppni með því félagi sem hann æfði fyrst knattspyrnu með, svo fremi félagið hafi látið skrá hann hjá KSÍ.

Reglur um framkvæmd kappleikja, félagaskipti og önnur atriði sem tengjast knattspyrnuleikjum á vegum félaga innan vébanda KSÍ eru birtar í handbókum sambandsins fyrir ár hvert. Þannig geymir handbók KSÍ fyrir árið 2005 eldri félagaskiptaregluna og handbók ársins 2006 hina nýju, sem samþykkt hafði verið á ársþingi KSÍ í febrúar síðast liðnum. Árbók 2006 kom út þann 11. maí eða sama dag og hinn umdeildi kappleikur fór fram á Fylkissvelli.

Ekki verður ráðið af lögum KSÍ, handbók KSÍ eða neinum öðrum gögnum sem stafa frá ársþingi KSÍ frá hvað tímamarki samþykktar reglugerðir eða breytingar á þeim skuli gilda eða hvernig eigi að birta þær svo bindandi sé fyrir félagsmenn og aðildarfélög KSÍ, þó að í 2. mgr. 7. gr. laga um Knattspyrnusamband Íslands sé kveðið á um að stjórn KSÍ skuli senda ÍSí og sambandsaðilum KSÍ fundargerð þingsins innan tveggja mánaða frá þinglokum. Skapar þetta ástand mikla og óviðunandi réttaóvissu fyrir knattspyrnufélögin og félagsmenn þeirra, sem kunna að fá fundargerðir ársþinga KSÍ á mismundi tímum. Til að tryggja að allir aðilar innan vébanda KSÍ sitji við sama borð að þessu leyti og þar sem ársþing KSÍ hefur ekki kveðið á um annað verður því hér að horfa til þeirra reglna sem almennt gilda um birtingu stjórnvaldsfyrirmæla hér á landi og því við það miðað að reglur eða reglugerðir sem ársþing KSÍ samþykkir öðlist ekki gildi fyrr en degi eftir útgáfu handbókar KSÍ fyrir komandi keppnistímabil.

Þegar Benedikt Andri flutti búferlum árið 2005 var í gildi sú félagaskiptaregla sem KSÍ hafði birt í handbók sinni fyrir árið 2005. Sú regla var samkvæmt framansögðu enn gildi þann 11. maí síðast liðinni þegar leikur áfrýjanda og stefnda fór fram.

Samkvæmt þessu er það niðurstaða áfrýjunardómstólsins að hinum áfrýjaða dómi skuli hrundið og úrslit hins kærða leiks 1-0 skuli standa.

Dómsorð

Hinum áfrýjaða dómi er hrundið. Úrslit í leik Fylkis og Fram í Reykjavíkurmóti 4.fl. A. karla, sem fram fór þann 11. maí 2006, 1-0 skulu standa.

Sigurður G. Guðjónsson
Brynjar Níelsson
Guðmundur Pétursson